

Skýrsla stjórnar Alnæmisbarna til aðalfundar 31. mars 2005

Stofnfundur samtakanna Alnæmisbarna var haldinn 22. mars 2004 í húsakynnum Rauða krossins við Efstaleiti í Reykjavík. Tillögur undirbúningshóps að samþykktum voru afgreiddar samhljóða. Í stjórn voru kosin Erla Halldórsdóttir, Helga Tulinius og Þórunn Sveinbjarnardóttir til tveggja ára, og Bjarni Reyr Kristjánsson og María J. Gunnarsdóttir til eins árs. Á fundinum sagði Erla Halldórsdóttir, stofnandi Candle Light Foundation (CLF), frá starfi félagsins með ungum stúlkum í Kampala, höfuðborg Úganda.

Stjórn félagsins skipti með sér verkum á þann veg að Þórunn Sveinbjarnardóttir tók að sér formennsku, Erla Halldórsdóttir varaformannsku og starf gjaldkera, Bjarni Reyr Kristjánsson varð ritari og Helga Tulinius og María J. Gunnarsdóttir meðstjórnendur.

Erla Halldórsdóttir fór til Kampala á vordögum 2004 og var þar í 7 vikur til þess að sinna málefnum CLF. Stjórnin hélt 16 fundi á fyrsta starfsári sínu. Þann fyrsta eftir að Erla sneri frá Úganda. Fyrstu verkefni hennar voru að koma upp félagaskrá og styrktarmannaskrá, setja upp og opna vefsetur Alnæmisbarna og vinna úthendi með upplýsingum um starfsemi samtakanna. Sumarið og haustið fóru að mestu í þessi verkefni.

Orkuveita Reykjavíkur gaf CLF 6 tölvur sem nýst hafa vel til kennslu. Frostmark flutti þær til Kampala. Síminn styrkti uppsetningu og hýsingu vefsetursins <http://www.hiv-born.is/> til tveggja ára (greitt út 2005). Bjarni Reyr tók að sér að setja upp og sjá um heimasíðuna. Prentsmiðja Hafnarfjarðar prentaði úthendi í 5.000 eintökum okkur að kostnaðarlausu, auk þess sem Ólafur Haraldsson og Brynja Jónsdóttir sáu um hönnun, umbrot og gerð lógós fyrir félagið án þess að taka greiðslu fyrir. Zontaklúbburinn Embla styrkti Alnæmisbörn með 200 þúsund króna framlagi í nóvembermánuði og gaf fyrirheit um frekari stuðning á komandi árum. Þá sótti kertahópur námskeið í kertagerð hjá Helgu Björg Jónasdóttir í Vaxandi sér að kostnaðarlausu. Stjórnin kann þessum aðilum bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Á haustdögum stóð til að halda félagsfund í nóvember og svo hafði Erla fyrirhugað ferð til Kampala í lok nóvember og fram til jóla. Eins og félagsmönnum er kunnugt veiktist Erla Halldórsdóttir alvarlega í nóvember og lést á aðfangadag eftir nokkurra vikna sjúkrahúslegu. Fráfall hennar var stjórn og félagsmönnum þungbært. Við tók vinna við að tína saman alla hugsanlega pappíra og upplýsingar sem hún hafði búið yfir. Gestur Gíslason, eiginmaður Erlu, veitti okkur ómetanlega aðstoð á erfiðum tímum fyrir hann og alla fjölskylduna.

Stjórn var einhuga um að handbært fé væri notað til lyfjakaupa og til þess að styðja við skólagöngu stúlkanna hjá CLF. Framlög ársins 2004 má sjá í reikningum félagsins. Rosette Nabuuma forstöðukona CLF skilaði ársskýrslu til Þróunarsamvinnustofnunar í Kampala í lok árs. Á þessu ári lýkur þriggja ára stuðningi ÞSSÍ við rekstur CLF sem numið hefur 15 þúsund USD á ári.

Greinar um starfsemi CLF eftir Erlu Halldórsdóttur birtust í afmælisriti UNIFEM á Íslandi sem kom út í október og í Rauða borðanum, blaði Alnæmissamtakanna, í desember.

Við fráfall Erlu Halldórsdóttur bað stjórnin dóttur hennar, Hildi Gestsdóttur, að starfa með sér fram að aðalfundi og ákveðið var að María J. Gunnarsdóttir gegndi einnig starfi gjaldkera til sama tíma. Minningarfundur um Erlu var haldinn í húsnæði RKÍ 29. janúar þangað mættu á fjórða tug félaga. Á fundinum voru stofnaðir þrír starfshópar: Kertahópur sem Hildur fer fyrir, fjáröflunarhópur og hópur um þróunar- og markaðsmál. Kertahópurinn sótti námskeið í kertagerð í janúar í Vaxandi.

Tvær stjórnarkonur, María J. Gunnarsdóttir og Hildur Gestsdóttir, fóru til Kampala að kynna sér CLF og ráðgast við Rosette Nabuuma í vikutíma í lok febrúar. Sú ferð hefur veitt stjórn Alnæmisbarna góða yfirsýn yfir þarfir CLF og gerir henni betur kleift að skipuleggja samstarf CLF og Alnæmisbarna á fyrirstandandi starfsári. Þær stöllu leggja fram skýrslu um ferðina á þessum aðalfundi.

Reykjavík, 30. mars 2005.

f.h. stjórnar Alnæmisbarna,

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður